

**Nd.**

**273. Frumvarp til laga**

[169. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

64. gr. laganna hljóði svo:

Heimilt er flugmálaráðherra að framkvæma eignarnám á hvers kyns fasteignaréttindum vegna gerðar og reksturs flugvalla eða annars flugvirkis. Um framkvæmd eignarnámsins fer samkvæmt lögum nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Við 82. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er flugmálaráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga og, ef nauðsyn krefur, veita einu eða fleiri félögum sérleyfi til fastra áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan.

3. gr.

Með lögum þessum er 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 felld úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðar verði smávægilegar en nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir.

Um 1. gr.

Með frumvarpsgreininni er lagt til að breyting verði gerð á 64. gr. laganna.

Breytingin miðar að því að rýmka eignarnámsheimildir loftferðalaga nokkuð.

Eignarnámsheimildir 64. gr. laganna virðast takmarkast við það, að einhvers konar mannvirkisgerð sé tilefni þess að eignarnám sé talið nauðsynlegt. Ljóst er, að þær aðstæður geta skapast, að rétt sé talið og nauðsynlegt að taka fasteignarréttindi eignarnámi, jafnvel þótt ekki sé mannvirkjagerð til að dreifa, sem gefi tilefni til eignarnáms. Af þeim sökum er lagt til, að sú breyting verði gerð á 64. gr. laganna, að rekstur flugvallar eða annars flugvirkis geti réttlætt og heimilað eignarnám á fasteignarréttindum, rétt eins og mannvirkjagerð á eða við flugvelli.

Um 2. gr.

Efni greinarinnar er samhljóða núverandi 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950 um stjórn flugmála, en rétt þykir að hafa í einum stað heimildir ráðherra vegna leyfisveitingar til loftferðastarfsemi.

Um 3. og 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.